

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um hjúkrunarrými.

1. *Hvað eru margir aldraðir á biðlista á landinu öllu, skipt eftir kjördæmum, annars vegar í brýnni þörf eftir dvöl á hjúkrunarheimilum og hins vegar í mjög brýnni þörf.*

Samkvæmt vistunarskrá 1. nóvember voru í Suðvesturkjördæmi 27 aldraðir einstaklingar í brýnni þörf eftir hjúkrunarrými og 64 í mjög brýnni þörf. Í Suðurkjördæmi voru 11 aldraðir í brýnni þörf eftir hjúkrunarrými og 44 í mjög brýnni þörf. Í Norðvesturkjördæmi voru sjö aldraðir einstaklingar í brýnni þörf eftir hjúkrunarrými og 15 í mjög brýnni þörf. Í Norðausturkjördæmi voru tveir aldraðir í brýnni þörf eftir hjúkrunarrými og 19 í mjög brýnni þörf. Í Reykjavíkurborg kjördæmum norður og suður voru samtals sex einstaklingar í brýnni þörf eftir hjúkrunarrými og 260 í mjög brýnni þörf. Hér eru bæði kjördæmin talin saman þar sem vistunarpplýsingar eru teknar saman af einum matshópi fyrir bæði kjördæmin.

2. *Hvað eru mörg hjúkrunarrými í landinu á hverja þúsund íbúa skipt eftir sveitarfélögum og hvert er landsmeðaltalið?*

Samkvæmt lögum um málefni aldraðra skal starfa þjónustuhópur aldraðra í hverju heilsugæsluumdæmi og geta sveitarfélög sameinast um þjónustuhóp sé það talið hagkvæmt. Þótt ekki séu lengur skilgreind sérstök heilsugæsluumdæmi er skipulag þjónustuhópa að nokkru leyti í samræmi við þetta fyrirkomulag og mörg sveitarfélög standa saman að þjónustuhópum. Þjónustuhópar á landinu eru samtals 43, en sveitarfélögin eru meira en tvöfalt fleiri. Meðal verkefna þjónustuhópa er að meta vistunarþörf aldraðra á viðkomandi starfssvæði og hafa yfirlit yfir þjónustu við aldraða á svæðinu ásamt því að gera tillögur til sveitarstjórnar um öldrunarþjónustu. Í þessu svari er því miðað við fjölda hjúkrunarrýma á starfssvæði einstakra þjónustuhópa. Tekið er fram hvaða sveitarfélög standa að hverjum þjónustuhópi. Vakin skal athygli á því að þótt engin hjúkrunarrými séu á starfssvæðum einhverra þjónustuhópa hafa þeir jafnan aðgang að hjúkrunarrýmum í öðrum sveitarfélögum.

Auk þess að birta upplýsingar um fjölda hjúkrunarrýma á hverja þúsund íbúa eftir sveitarfélögum eru hér einnig birtar sambærilegar upplýsingar eftir kjördæmum ásamt upplýsingum um fjölda hjúkrunarrýma á hverja 1.000 íbúa í Reykjavík og nágrenni (Reykjavík, Garðabær, Hafnarfjörður, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes og Mosfellsbær).

Hjúkrunarrými á hverja 1.000 íbúa í Reykjavík og nágrenni.

	Íbúafjöldi 1. des. 2004	Heimiluð hjúkrunarrými	Fjöldi rýma á 1.000 íbúa
Reykjavík og nágrenni			
Reykjavík, Garðabær, Hafnarfjörður, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær	183.990	1.468	8,0

Hjúkrunarrými á hverja 1.000 íbúa, eftir kjördæmum.

Kjördæmi	Íbúafjöldi 1. des. 2004	Heimiluð hjúkrunarrými	Fjöldi rýma á 1.000 íbúa
Reykjavík norður og suður	113.730	1.065	9,4
Suðvesturkjördæmi	70.260	403	5,7
Suðurkjördæmi	41.110	304	7,4
Norðausturkjördæmi	38.477	371	9,6
Norðvesturkjördæmi	29.714	362	12,2
Samtals	293.291	2.505	44
Landsmeðaltal rýma á hverja 1.000 íbúa			8,9

Hjúkrunarrými á hverja 1.000 íbúa, eftir sveitarfélögum

Þjónustuhópar	Íbúafjöldi 1. des. 2004	Heimiluð hjúkrunarrými	Fjöldi rýma á 1.000 íbúa
<i>Matshópur Reykjavíkur:</i> Reykjavíkurborg	113.730	1.065	9,4
<i>Þjónustuhópur Garðabæjar:</i> Garðabær	9.036	90	10,0
<i>Þjónustuhópur Hafnarfjarðar:</i> Hafnarfjarðarkaupstaður og Sveitarfélagið Álftanes	23.966	233	9,7
<i>Þjónustuhópur Kópavogs:</i> Kópavogsbær	25.784	80	3,1
<i>Þjónustuhópur Mosfellsbæjar:</i> Mosfellsbær, Kjósar- hreppur, Bláskógabyggð að hluta og Grímsnes- og Grafningshreppur að hluta	6.927	0	0,0
<i>Þjónustuhópur Seltjarnarness:</i> Seltjarnarneskaupstaður	4.547	0	0,0
<i>Þjónustuhópur Suðurnesja:</i> Reykjanesbær, Grindavíkur- hreppur og Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Garður og Vatnsleysustrandarhreppur	17.092	76	4,4
<i>Þjónustuhópur Akraness:</i> Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur og Leirár- og Melahreppur	6.216	67	10,8
<i>Þjónustuhópur Borgarbyggðar og nágrennis:</i> Borgarbyggð, Borgarfjarðarsveit, Hvítársíðuhreppur, Skorradalshreppur, Eyja- og Miklaholtshreppur og Kolbeinsstaðahreppur	3.652	20	5,5
<i>Þjónustuhópur Dalabyggðar:</i> Dalabyggð, Reykhóla- hreppur og Saurbæjarhreppur	971	48	49,4
<i>Þjónustuhópur Grundarfjarðar:</i> Grundarfjarðarbær	938	10	10,7
<i>Þjónustuhópur Snæfellsbæjar:</i> Snæfellsbær	1.717	10	5,8
<i>Þjónustuhópur Stykkishólmsbæjar:</i> Stykkishólmsbær og Helgafellssveit	1.184	19	16,0
<i>Þjónustuhópur Bolungarvíkur:</i> Bolungarvíkurkaupstaður	934	13	13,9
<i>Þjónustuhópur Hólmavíkurhrepps:</i> Hólmavíkurhreppur, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur og Broddanes- hreppur	689	12	17,4
<i>Þjónustuhópur Ísafjarðarbæjar:</i> Ísafjarðarbær og Súðavíkurhreppur	4.366	31	7,1
<i>Þjónustuhópur V-Barðastrandasýslu:</i> Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur	1.346	18	13,4

Þjónustuhópar	Íbúafjöldi 1. des. 2004	Heimiluð hjúkrunarrými	Fjöldi rýma á 1.000 íbúa
<i>Þjónustuhópur Akureyrarbæjar: Akureyrarkaupstaður, Eyjafjarðarsveit, Hörgárbyggð, Arnarneshreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Grytubakkahreppur og Grimseyjarhreppur</i>	18.866	169	9,0
<i>Þjónustuhópur Dalvíkurbyggðar: Dalvíkurbyggð og Hrisey</i>	1.946	24	12,3
<i>Þjónustuhópur Ólafsfjarðar: Ólafsfjarðarbær</i>	980	20	20,4
<i>Þjónustuhópur Rauфарhafnarhrepps: Rauфарhafnarhreppur</i>	238	0	0,0
<i>Þjónustuhópur S-Þingeyjarsýslu: Húsavíkurbær, Aðaldælahreppur, Tjörneshreppur, Skútustaða- hreppur og Þingeyjarsveit</i>	3.890	28	7,2
<i>Þjónustuhópur Vopnafjarðar: Vopnafjarðarhreppur og Skeggjastaðahreppur</i>	869	12	13,8
<i>Þjónustuhópur Þórshafnarhrepps: Þórshafnarhreppur og Svalbarðshreppur</i>	527	13	24,7
<i>Þjónustuhópur Öxarfjarðarhrepps: Öxarfjarðarhreppur og Kelduneshreppur</i>	434	0	0,0
<i>Þjónustuhópur Blönduóss: Blönduósbær, Skagabyggð, Höfðahreppur, Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Svínvatnshreppur og Bólstaðar- hlíðahreppur</i>	2.067	33	16,0
<i>Þjónustuhópur Húnaþings vestra: Húnaþing vestra og Bæjarhreppur</i>	1.278	24	18,8
<i>Þjónustuhópur Siglufjarðar: Siglufjarðarkaupstaður</i>	1.386	28	20,2
<i>Þjónustuhópur Skagafjarðar: Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur</i>	4.356	57	13,1
<i>Þjónustuhópur Austurbyggðar og Fáskrúðsfjarðar- hrepps: Austurbyggð og Fáskrúðsfjarðahreppur</i>	924	13	14,1
<i>Þjónustuhópur Djúpavogslæknishéraðs: Djúpavogshreppur og Breiðdalshreppur</i>	728	1	1,4
<i>Þjónustuhópur Egilsstaðalæknishéraðs: Borgarfjarðar- hreppur, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur</i>	3.762	18	4,8
<i>Þjónustuhópur Fjarðabyggðar: Fjarðarbyggð og Mjóafjarðarhreppur</i>	3.213	26	8,1
<i>Þjónustuhópur Hornafjarðar: Sveitarfélagið Hornafjörður</i>	2.225	26	11,7
<i>Þjónustuhópur Seyðisfjarðar: Seyðisfjarðarkaupstaður</i>	714	19	26,6
<i>Þjónustuhópur Árborgar: Sveitarfélagið Árborg, Hraungerðishreppur, Hrunahreppur, Villingaholts- hreppur, Gaulverjabæjarhreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur</i>	8.322	71	8,5
<i>Þjónustuhópur Hveragerðis: Hveragerðisbær og Ölfus að hluta</i>	2.021	26	12,9
<i>Þjónustuhópur Kirkjubæjarklausturs: Skaftárhreppur</i>	506	17	33,6
<i>Þjónustuhópur Laugaráss: Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur að hluta</i>	1.232	3	2,4
<i>Þjónustuhópur Rangárþings eystra og ytra: Rangárþing eystra og ytra og Ásahreppur</i>	3.251	30	9,2
<i>Þjónustuhópur Vestmannaeyja: Vestmannaeyjabær</i>	4.227	43	10,2
<i>Þjónustuhópur Víkur í Mýrdal: Mýrdalshreppur</i>	509	12	23,6
<i>Þjónustuhópur Ölfuss: Ölfus</i>	1.725	0	0,0
Samtals	293.291	2.505	509
Landsmeðaltal rýma á hverja 1.000 íbúa m.v. þjónustuhópa			11,8